Styrktarbeiðni

Til	:	Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>;Hafdís Gunnarsdóttir <hafdisgu@isafjordur.is>
Frá	:	Vigdís Pála Halldórsdóttir <vigdis@hordurhand.is>
Heiti	:	Styrktarbeiðni
Málsnúmer	:	2022030095
Málsaðili	:	Héraðssamband Vestfirðinga
Skráð dags	:	06.04.2022 10:53:58
Höfundur	:	Vigdís Pála Halldórsdóttir <vigdis@hordurhand.is>

You don't often get email from vigdis@hordurhand.is. Learn why this is important

Góðan dag.

Undirrituð fyrir hönd Handknattleiksdeildar Harðar hér á Ísafirði vísar til fundar nr. 1193 hjá bæjarráði Ísafjarðarbæjar þann 28. mars sl. þar sem samþykkt var að veita körfuknattleiksdeild Vestra 4.800.000 vegna fjárhagserfiðleika þeirrar deildar.

Öll íþróttafélög landsins eru að berjast í bökkum vegna áhrifa Covid19 á starfsemina. Gildir einu hvaða íþróttagrein það er. Handbolti á Ísafirði hefur verið í gríðarmikilli sókn og er í dag á meðal öflugustu liða landsins og ef af líkum lætur á leið í úrvalsdeild. Félagið leggur mikið uppúr yngri flokkastarfi sínu og meistaraflokkslið félagsins er byggt upp á uppöldum heimamönnum ásamt erlendum aðkomu mönnum. Rétt er að taka fram að enginn þeirra hefur atvinnu af íþrótt sinni einni.

Félagið hefur undanfarin ár haldið handknattleiksmót í 5. fl. og fengið um 400 þátttakendur á það mót sem hver og einn hefur greitt frá 13-15.000 kr. fyrir aðgöngu á. Tap félagsins af beinum þátttökugjöldum sl. 2 ár er 11.200.000 milljónir auk styrkja og auglýsinga sem félagið hefur tapað með því að geta ekki haldið mótið. Félagið hefur farið þá leið að rukka ekki inn á leiki meðan á Covid ástandinu hefur staðið þar sem harðar takmarkanir hafa gert það að verkum að ekki var mögulegt að hleypa nema örfáum inn í húsið.

Kostnaðarliðir félagsins lækka þó ekkert með minnkandi tekjum. Rétt er að taka fram að erlendir leikmenn félagsins búa allir saman á tveimur stöðum; annarsvegar hjá formanni deildarinnar og svo hins vegar í leiguhúsnæði. Rétt er að það komi fram að erfitt hefur verið að greiða leigu vegna umræddra leikmanna en þeir hafa tekið vel í að þjappa sér saman á lítið svæði.

Allir sem koma að félaginu eru sjálfboðaliðar og þjálfari meistaraflokks karla sinnir yngri flokkum án greiðslu til að koma til móts við þarfir. Mikið hefur verið lagt uppúr að allir séu velkomnir.

Félagið skuldar nú 225.000 kr. x 14 í leigu en auk tekjutapsins gerir það fjártjón uppá 14.350.000 kr. sem er von félagsins að bærinn geti aðstoðað að einhverju leyti með. Þó ekki nema væri til jafns við þá deild sem bærinn hefur þegar ákveðið að styrkja.

Sérstaklega skal vísað til þess að önnur félög sambærileg Herði eru að fá verulega styrki frá sínum sveitarfélögum og því tilvalið fyrir sveitarfélagið að sýna að hér sé stutt við veglegt og gott starf íþróttafélaga.

Vigdís Pála Halldórsdóttir, form. Harðar

--

Bestu kveðjur
Vigdís Pála Halldórsdóttir
Formaður Handknattleiksdeild Harðar
Sími: 8454038